

Alþingi
Erindi nr. Þ 120/761
komudagur 112 1996



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
B/t Guðjóns Rúnarssonar
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

SAMTÖK ÍSLENSKS
VIÐSKIPTALÍFS

Reykjavík, 31. janúar 1996.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði (232. mál).

Verzlunarráð Íslands þakkar efnahags- og viðskiptanefnd fyrir að fá tækifæri til að gefa umsögn um þetta frumvarp og biðst um leið afsökunar á því að nokkur dráttur hefur orðið á því að hún bærisk nefndinni.

Margar af þeim breytingum, sem felast í frumvarpinu, stefna að því að laga íslenska löggjöf um viðskiptabanka og sparisjóði þeim reglum, sem gilda eiga á hinu evrópska efnahagssvæði. Verzlunarráð gerir ekki athugasemdir við þau atriði. Hins vegar eru í frumvarpinu nokkrar aðrar breytingar og í sambandi við þær vill Verzlunarráð að eftirfarandi komi fram:

2. gr. Í greininni er gert ráð fyrir að fellt verði úr lögnum ákvæði þess efnis, að ríkisviðskiptabankarnir þurfi heimild Alþingis til að taka víkjandi lán til að efla eiginfjárstöðu sína. Verzlunarráð telur, að á meðan ríkið á og rekur viðskiptabanka, sé ekki óeðlilegt að Alþingi taki afstöðu til utanaðkomandi ráðstafana til að auka eigið fé þeirra.

11. gr. Í greininni er gert ráð fyrir að bankaeftirlitið setji reglur um uppsetningu ársreiknings, innihald einstakra liða rekstrar- og efnahagsreiknings og liða utan efnahagsreiknings og skýringar og mat á einstökum liðum. Þetta ákvæði kemur í stað 3. mgr. 57. gr. þar sem í dag er gert ráð fyrir að bankaeftirlitið setji leiðbeinandi reglur um þessa þætti. Markmið breytingarinnar er í greinargerð sagt vera að samræma íslenska

Póstáritun:
Verzlunarráð Íslands
Húsi verzlunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími 588-6666
Bréfsími 588-6564
Telex 2316 Chambr is

löggjöf og reglur EES, þar sem gert er ráð fyrir að aðildarríkin setji samræmdar reglur um þessi efni. Verslunarráð gerir ekki athugasemd við það markmið, en hefur ákveðnar efasemdir um aðferðina, sem hér er lögð til.

Með þessu ákvæði er verið að gefa bankaeftirlitinu mikið svigrúm til að ákveða innihald þeirra reglna, sem hér um ræðir. Eðlilegra væri að gefa í lagaákvæðinu skýrari fyrirmæli um hvert innihald þeirra eigi að vera og auk þess má efast um að rétt sé að fela eftirlitsaðila vald til að setja reglur með þessum hætti. **Telja má mun heppilegra, að viðskiptaráðuneytið setji reglugerð um gerð ársreikninga banka og sparisjóða, en hlutverk bankaeftirlitsins verði takmarkað við eftirlitsþáttinn.**

16. gr., b-liður Í þessu ákvæði er fjallað um atkvæðavægi aðila að Tryggingasjóði innlánsstofnana á aðalfundi hans. Þar er gert ráð fyrir að hver aðili fari með atkvæðisrétt í samræmi við hlut hans í samanlögðum tryggðum innstæðum næstliðið ár á undan, en jafnframt tekið fram, að enginn aðili megi fara með meira en 1/10 hluta heildaratkvæðamagns. Þetta ákvæði virðist í ákveðinni mótsögn við raunveruleikann á þessum markaði hér á landi. Ef það verður að veruleika, má ætla, að viðskiptabankarnir þrír fari hver um sig með 10% atkvæðamagns en hin 70% verði í höndum sparisjóðanna. Miðað við hlutdeild bankanna á markaðnum (og þar með hlutdeild þeirra í tryggðum innstæðum) er verulega á þá hallað með þessu fyrirkomulagi. **Mun eðlilegra væri, að atkvæðamagn á aðalfundi Tryggingasjóðsins færi alfarið eftir hlut aðila í samanlögðum tryggðum innstæðum.**

16. gr., c-liður, 4. mgr. Í ákvæðinu er kveðið á um að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um nokkra þætti, sem varða tryggingu á innstæðum í erlendum útibúum viðskiptabanka og sparisjóða með staðfestu hér á landi, aðild hérlendra útibúa viðskiptabanka og sparisjóða með staðfestu í öðru ríki að Tryggingasjóði innlánsstofnana, tilhögun á greiðslum úr sjóðnum, skyldu aðila til að upplýsa viðskiptavini um aðild sína að sjóðnum og tryggingu á innstæðu, þegar um er að ræða sameiginlegan innlánsreikning eða þegar innstæðueigandi á ekki ótvíræðan rétt til innstæðu.

Með þessu ákvæði er verið að framselja til ráðherra afar víðtækt vald til að kveða á um reglur á þessu sviði. **Telja verður að heppilegra væri að í lögunum væri tekin afstaða til þess, hvernig reglur um þessi atriði eigi að vera. Að minnsta kosti ætti að gefa skýrari leiðsögn í þessu ákvæði um innihald þeirra.**

16., d-liður Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að Tryggingasjóði verði heimilt að veita banka eða sparisjóði víkjandi lán úr lánadeild í því skyni að efla eiginfjárstöðu hans, enda verði fjár aflað sérstaklega til þess með lántöku. Ekki verður séð hvernig þetta ákvæði á að geta staðist. Ef ákvæði frumvarpsins um deildaskiptingu sjóðsins (í 2. mgr. 75. gr.) verða að veruleika, verður ekki heimilt að færa fé á milli innstæðudeildar og lánadeildar. Lánadeild verður því að fjármagna þessi víkjandi lán sín með eigin fé eða lántöku. Ekki er unnt að koma auga á að neitt eigið fé sé til staðar né heldur nokkrar þær eignir hjá deildinni, sem hún gæti sett til

tryggingar vegna lántöku sinnar. Þá verður ekki ríkisábyrgð á skuldbindingum hennar, því Tryggingasjóðurinn verður sjálfseignarstofnun. Tillagan um lánadeild fellur því um sjálfa sig eins og hún er fram sett í frumvarpinu.


Í ljósi þessa leggur Verslunarráð til, að ekki verði um lánveitingar af þessu tagi að ræða af hálfu Tryggingasjóðsins, nema þá að lánadeild hans verði með einhverjum hætti tryggt eigið fé sem geri honum kleift að standa að lánveitingum.

16., f-liður Þar er gert ráð fyrir að ráðherra geti afturkallað starfsleyfi að liðnum tilteknum frestum vegna þess að viðskiptabanki eða sparisjóður standi ekki við skyldur sínar gagnvart Tryggingasjóði. Ákvæðið er víðtækt, því það felur í sér að hægt er að beita þessum viðurlögum vegna sérhvernar vanefndar aðila á skyldum sínum gagnvart sjóðnum. Eðlilegra væri að gera þann fyrirvara, að ráðherra geti ekki svipt banka eða sparisjóð starfsleyfi nema um allverulega vanefnd á skyldum að ræða.

16. gr., h-liður Í ákvæðinu er miðað við tímamörkin 1. janúar 1996 í tengslum við innborgun Tryggingasjóðs sparisjóða til Tryggingasjóðs innlánsstofnana. Spyrja má, hvort þau tímamörk þurfi ekki að endurákvarða í ljósi þess að nú er komið fram í febrúar 1996.

Verslunarráð Íslands vonar að þingmenn taki framangreind atriði til athugunar áður en frumvarpið verður samþykkt sem lög frá Alþingi.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd Verslunarráðs Íslands,



Birgir Ármannsson.